

Styrkir

Fræðslusjóðs til þróunar og nýsköpunar í framhaldsfræðslu

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Fræðslusjóði vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu, sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Forgangssvið við úthlutun árið 2018 eru:

- Hæfnigreiningar starfa í samstarfi við atvinnulíf og fræðsluaðila.
- Þróun þrepaskipts starfsnáms í framhaldsfræðslu.
- Þróa og útfæra leiðir til að auðvelda og efla fræðslu innan fyrirtækja og í dreifðum byggðum

Við mat á umsóknum verður litið til þess hvernig verkefni fellur að markmiðum í 2. grein laga um framhaldsfræðslu og hvort umsækjandi hafi sýnt fram á faglega þekkingu og reynslu til að vinna verkefni sem sótt er um styrk til

Einnig verður skoðað hvort verkefni:

- hafi skýr skilgreind markmið og vel skilgreinda verkefnastjórn,
- mæti sýnilegri þörf fyrir menntunarræði í framhaldsfræðslu,
- feli í sér nýsköpun eða þróun sem nýtist markhópi framhaldsfræðslu,
- feli í sér samstarf og að framlag samstarfsaðila sé tryggt og vel skilgreint,
- hafi skýra kostnaðar-, verk- og tímaáætlun,
- sé líklegt til að skila hagnýtri afurð og verði vel kynnt.

Tekið er á móti umsóknum til og með 24. apríl 2018.

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi. Umsóknareyðublað, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og nánari upplýsingar um vinnuferli og viðmið vegna styrkumsóknar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is. Þar eru einnig upplýsingar um fyrri úthlutanir til þróunar og nýsköpunar í framhaldsfræðslu.



MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

